19. Eyjólfur á Grímslæk

Mannlýsing og sagnir af honum.

6 blöð qto.

# Eyjólfur í Grímslok.

var Eyjólfsson bóndi í Grímslok, Guðmundssonar sama staðar og bjó þar lengi. Hann var lítill maður vexti og kubbaralegur, smáeygður og smáfelldur í andliti, með snoðið alskegg, bleikrautt að lit; svo var hann snar í öllum hreyfingum, að líkast var því, sem raftaugar lægju um alla hans limi og skrokk, er sífellt væri verið að snerta. Ódamála var hann mjög, smámæltur og sískrafandi, enda kátur vel og kýmileitur. Auðtrúa var hann og athugalítill um flest annað en að eignast sem mest af auði, versla við náungann og veiða, einkum tófur og jafnvel hreindýr, því hann var afbragðs-skytta og skjótur á fæti. Vínhneigður var Eyjólfur mjög, en oftast hyltist hann til að afla sér þess af annara fé en sínu eigin og væri hann hendur, sem oft bar við, varð hann skjána-lega kátur og kumpánlegur við alla: flagraði uppá menn með fáránlegum fleðulátum og forvitni um allt og ekkert. Fyrir þessa sök gerðu gárungarnir gys að honum á ýmsan hátt og þótti þeim gaman að að leika á hann og láta hann klappa á sig; sjaldan mun Eyjólfur þó hafa reiðst af þessu og hrekkjalaus við aðra mun hann hafa verið og ekki reiðigjarn, en oft bar það við, að hann færi að skæla undan áleitni manna við sig, ef grár varð leikurinn og einkum þó, er hann varð honum fjárhagslega til tjóns, því hann var skaðasár mjög og smámunalegur um því líka hluti.

Kýmnisögur nokkrar um Eyjólf og af honum hafa lengi gengið manna á milli og í minni verið fram til þessa. Eru hér aðeins fáeinar þeirra.

Einhverju sinni sem oftar var Eyjólfur í Grímslók staddur „fyrir utan borðið" í Eyrarbakkabúð (T. R. B. Lefolii.) Þar var og staddur Þórður gamli Guðmundsson kammerráð frá Litlahrauni og stóð hann á tali við verzlunarstjórann Guðm. Thorgrímsen „fyrir innan borðið", sem lokað var með hlemmi og loki.
Eyjólfur sér þá þarna og smeygði sér „innfyrir" framhjá dyraverðinum, þá er hann laukst upp fyrir öðrum manni. Kydst nú Eyjólfur að þeim, gömlu mönnunum og leggur hlustir við öllu því er þeir segja, og heyrir hann þá, að þeir tala að vísu á dönsku, en að þeir nefna oft nafnið „Kaupmannahöfn"; annað skildi hann ekki.
Eyjólfur átti jörð eina uppi í Borgarfirði, er Einland heitir, og lét það svo í eyrum, að þegar nefnt var, heyrðist það nefnt: England.

Þegar Thorgrímsen sér nú Eyjólf vera að sniðra þarna í kringum þá, segir hann við Guðmundsen Kammeráð:
„Hérna er kominn Eyjólfur í Grímslók, sem er eigandi lands þess, er Einland nefnist og sem hann nefnir England."
Gellur þá Eyjólfur við og segir:
Það er nú víðar til, Thorgrímsen minn, England, en í Kaupmannahöfn.

Eyjólfur í Grímsstöðum var refaskytta góð og náði oft lifandi refum með því að liggja á grenjum og seldi hann yrðlingana hér í Reykjavík.

Haust eitt var Eyjólfur í ferð í Reykjavík og hafði marga lifandi tófuyrðlinga í poka sínum. Staldraði hann með þá við Fischersbúð og lagði pokann af sér utan við dyr búðarinnar og gekk síðan inn í búðina til þess að bjóða þessa vöru sína. En á meðan hann var þar inni, urðu „strákarnir í Reykjavík" varir við pokann og það sem í honum var; þeir leystu því frá pokanum og hleyptu yrðlingunum út, sem tvístruðust um bæinn og jafnvel út um Seltjarnarnes.

Þegar Eyjólfur kom út úr búðinni og fann pokann tóman æpti hann upp yfir sig og sagði:

„Hver hefir hleypt pokanum mínum út úr yrðlingunum?

— Strákarnir skemmtu sér vel, en sögðu vitanlega ekki til sín. Yrðlingarnir náðust allir nokkru síðar.

Eyjólfur í Grímsholti kom einhverju sinni síðla sumars að Háeyri á Eyrarbakka, með hest einn í taumi og stóra poka á klökkum, fulla af kartöflum, er hann ætlaði að selja.
Til þess að komast heim á hlaðið eða búðardyrunum varð að fara inn um hlið eitt á hárri girðingu og er hann kom að hliðinu, hitti hann þar ungan mann, spaugsaman nokkuð, sem þekti Eyjólf og langaði nú til að leika á hann, og segir honum að best sé að reka hestinn inn um hliðið, án þess að taka baggana ofan. Eyjólfi þótti þetta þjóðráð, því honum þótti óþarflega mikil fyrirhöfn að bera kartöflurnar svo langan veg.
Eyjólfur leggur því tauminn uppá makka hestsins, gengur aftur fyrir hann og slær svo duglega í hann.
Hesturinn bregður skjótlega við högginu og ryðst inn um hliðið, en vegna þess að það var þrengra en Eyjólf varði, þutu báðir pokarnir með reiðingnum aftur af hestinum, sem fældist við þetta og náðist ekki fyr en löngu síðar. Pokarnir rifnuðu og kartöflurnar þeyttust eins og fjaðrafok væri út um allt. Ungi maðurinn, sem lagði Eyjólfi þetta „heilræði“, skemti sér vel, en Eyjólfur ætlaði alveg að ærast og skildi ekkert því, að hliðið skyldi vera svona þröngt!

Eyjólfur var sjóróðrarmaður í Þorlákshöfn, en þangað er nálægt einnar stundar gangur frá Grímslæk. Fékk hann oft, eins og aðrir þeir er bjuggu þar á næstu bæjum, ýmsar matarsendingar í verið, brauð og kjöt, ábrystir og jafnvel skyr í döllum.
Einhverju sinni var Eyjólfi sendur skyrdallur í verið og var hann ekki í búð sinni þá er sendimaður kom, heldur í einhverri annari búð að spjalla við kunningja sína.
Nú sáu gárungarnir sér leik á borði til að leika á Eyjólf: þeir fundu ýmiskonar föt af Eyjólfi, buxur, peysu og röndótta nátthúfu hans. Úr þessu mynduðu þeir svo gerfistrák einn, settu hann í rúm Eyjólfs með skyrdall hans milli hnjánna og sleif í hendi, sem þeir létu ná niður í dallinn. Það leit því svo út, sem einhver sæti þarna með dallinn og væri að éta skyrið.
Nú var Eyjólfi gert aðvart um að hann hefði fengið skyr að heiman í dag og að vissara væri fyrir hann að fara inn í búð og gæta þess að enginn æti skyrið frá honum.
Eyjólfur brá við, hljóp inn í búð og leit til rúms síns. Sér hann þá hvar maður situr uppi í rúminu, með nátthúfu hans á höfðinu og dallinn milli fótanna; hann var auðsjáanlega að éta skyrið!
Eyjólfur varð forviða, staldrar í þrepskildinum og segir:
„Hver ert þú, lagsi? — Þú gerir þig heimakominn, drengur minn! — Ertu að éta skyrið mitt, óþétið þitt? — Viltu gera svo vel að hypja þig á brott! — Ellegar ég skal! . . ."
og svo hljóp Eyjólfur að „manninum", slær af honum húfuna og hann hrinn með, en við það veltur skyrdallurinn um koll og rann skyrið nú eins og árflóð um allt rúmið.

Einhverju sinni, þá er Eyjólfur í Grímslæk var til sjóróðra í Þorlákshöfn, var þar hlutakona ein, sem þótti vera öðrum konum áleitnari í glensi og glannaskap við karlmenn, enda stundum álitin vera eigi með öllu mjalla. Þessari stúlku komu gárungarnir til þess að rjúka að Eyjólfi að óvörum og kyssa hann í gríð og kergju.

Eyjólfur varð forviða því vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið þegar stúlkan kom eins og fljúgandi fugl í fang honum og kysti hann í krók og kring. Hann æpti upp yfir sig og bað um hjálp, en stúlkan lét því óhemjulegar, uns Eyjólfur lagðist út af og tók að biðja fyrir sér og loks fór að skæla.

En strákarnir kölluðu í sífellu: „Kystu hann meira, kystu hann meira!" og svo ruku þeir og stúlkan á dyr, en létu Eyjólf liggja skælandi eftir í rúmi sínu.